

# Eystrahorn

11. tbl. 37. árgangur

Fimmtudagurinn 21. mars 2019

www.eystrahorn.is

## Menningarverðlaun, umhverfisviðurkenningar og styrkveitingar

Föstudaginn 8. mars var mikið um dýrdir hér í Sveitarfélaginu Hornafirði, en þá fór fram afhending styrkja og viðurkenninga sveitarfélagsins í Nýheimum. Alls voru 25 styrkir veittir, það voru styrkir menningarmálanefndar, bæjarráðs, fræðslu- og tómstundarnefndar, sem og styrkir úr atvinnu- og rannsóknarsjóði.

Matthildur Ásmundardóttir bæjarstjóri setti hátíðina og kom fram í máli hennar mikilvægi þess að koma saman og fagna fjölbreyttri menningu, umhverfisvitund og frumkvöðlastarfi í sveitarfélaginu því menning er samofin samfélaginu og örjúfanlegur hluti þess.

### Menningarverðlaun 2018

Menningarverðlaun hafa verið veitt frá árinu 1994 og í ár voru fjórir einstaklingar tilnefndir til verðlaunanna. Fram kom í ræðu Hólmfríðar Bryndísar Þrúðmarsdóttur varaformanns menningarnefndar, að helsta markmið Menningarmálanefndar væri að hvetja til öflugs menningarstarfs í samstarfi við íbúa sveitarfélagsins. Að þessu sinni hlaut Eva Bjarnadóttir verðlaunin fyrir óeigingjarn starf í þágu menningar í Örafum.

Síðan Eva og Peter settust að á Fagurhólsmýri hefur Gamla sláturhúsið gengið í gengum endurnýjun lífdaga. Í ágúst síðastliðnum var vinnustofa hennar opnuð við hátíðlega athöfn. Í tilefni af því var efnt til allsherjar listaveislu. Þar voru m.a. sýndir gamlir munir frá tímum slátrunar og sundmagavinnslu, lesnar upp visnakeðjur milli Þorsteins Jóhannssonar í Svinafelli og Halldóru Magnúsdóttur, sem vann í afurðasölu S.Í.S, og haldnir tónleikar, svo fátt eitt sé nefnt. Auk þess hefur Eva verið boðin og búin að leiðsæja gestum og gangandi um Sláturhúsið og leiða í gegnum sögu þess. Ennfremur hefur hún verið aðal driffjöldurinn í bókakynningu Ungmennafélags Örafa.

### Menningarstyrkir

Alls bárust tíu umsóknir um Menningarstyrki, og eru þeir veittir félagsamtökum og einstaklingum til menningartengdra verkefna. Fram kom í máli Hólmfríðar að með þessum styrkjum vilji nefndin



Styrkþegar og handahafar viðurkenninga og verðlauna

hvetja og styrkja félagsamtök og einstaklinga til frekari starfa í þágu menningar. Eftirtalin félagsamtök hlutu styrk að þessu sinni: Gleðigjafar, Blús- og rokkklúbbur Hornafjarðar, Hornfirski skemmtifélagið, Karlakórinn Jökull, Kvennakór Hornafjarðar, Leikfélag Hornafjarðar, Lúðrasveit Hornafjarðar, Samkór Hornafjarðar, Foreldrafélag Hornafjarðar og Flón "uppsetning listviðburða í fundarhúsinu í Lóni"

### Atvinnu- og rannsóknarsjóður

Bjarni Ólafur Stefánsson fulltrúi í atvinnuámalanefnd afhenti styrki atvinnu- og rannsóknarsjóðs. Fram kom í máli hans að í ár hafi nefndinni borist sex metnaðarfullar umsóknir. Hljóðaði heildarupphæð umsóknanna upp á 3.8 milljónir en alls voru 2.6 milljónir króna til úthlutunar. Einnig tók Bjarni Ólafur fram að meginhlutverk sjóðsins væri: „Að efla byggð og atvinnu í Sveitarfélaginu

Hornafirði og er sjóðnum ætlað að veita styrki til verkefna sem lúta að atvinnuþróun, rannsóknum og nýsköpun í Sveitarfélaginu Hornafirði.“

Í ár var einni milljón úthlutað úr A-hluta og hlaut Jóhanna Íris Ingólfssdóttir styrkinn að þessu sinni fyrir verkefnið Blóm í heimabyggð. Úr B-hluta var úthlutað 1.6 milljónum. Náttúrustofa Suðausturlands hlaut tvo styrki, annarsvegar fyrir verkefnið "Náttúrustígur á Höfn - Endurnýjun á sólkerfi og skiltum við stíginn" og hinsvegar fyrir „Vöktun vaðfugla á leirum í Skarðsfirði“ Ennfremur hlaut Fuglaathugunarstöð Suðurlands styrk fyrir verkefnið „Varþútbreiðsla skúms á Skeiðarársandi og í Ingólfshöfða“

### Umhverfisviðurkenning 2018

Finnur Smári Torfason formaður umhverfisnefndar afhenti umhverfisviðurkenningar. Sagði hann að helsta markmið viðurkenninganna væri er að vekja íbúa sveitarfélagsins til

umhugsunar um gildi náttúru og umhverfis á samfélagið og jafnframt að hvetja þá til að sýna náttúrunni og umhverfinu tilhlýðilega virðingu.

Guðrún Sturlaugsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir einstaklingsframlag í þágu umhverfismála. Hún, ásamt fjölskyldu sinni, hefur hvatt Hornfirðinga til að huga að umhverfi sínu í víðu samhengi. Guðrún kom af stað pokasaumsverkefni sem hefur undið upp á sig og má nú finna pokastöðvar um allt land. Einnig er hún ein af stofnfélögum Umhverfissamtaka Austur-Skaftafellssýslu.

Ragnhildur Eymundsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir fallega og snyrtilega lóð að Holti 1 í Nesjum. Í umsögn kom fram að viðurkenningin sé veitt fyrir einstaklega fallegan og ævintýrlegan garð með fjölbreyttum gróðri sem er hirtur af einstakri natni. Þar hafa ýmsar tegundir skotið rötum frá náttúrunnar hendi og fengið að vaxa þar og dafna, þar á meðal hinar ýmsu berjategundir sem setja ævintýrlegann svip á garðinn. Leikskólinn Sjónarhóll hlaut viðurkenningu í flokki fyrirtækja og stofnana, fyrir vel heppnaða endurgerð á lóð og húsnæði. Í umsögn kom fram að frágangur á lóð í kringum leikskólann falli vel að umhverfi sínu og geta börn á öllum aldri fundið þar eitthvað við sitt hæfi. Athöfnin var hátíðleg, en Nanna Imsland og Friðrik Jónsson stigu á stökk og fluttu íslensk lög. Öllum styrk- og verðlaunahöfum er óskað til hamingju.



Nanna Imsland og Friðrik Jónsson fluttu tónlist fyrir gesti



**Hafnarkirkja**  
Kyrrðarstund á föstu þriðjudaginn  
26. apríl kl. 18:15  
Sjá nánar á  
[www.bjarnanesprestakal.is](http://www.bjarnanesprestakal.is)  
Allir velkomnir

Prestarnir



**Andlát**

Bróðir okkar og mágur  
**Baldur Jónsson**  
frá Smyrlabjörgum

sem lést á hjúkrunarheimilinu  
Skjólgarði laugardaginn 9. mars

verður jarðsungið frá Hafnarkirkju  
föstudaginn 22. mars kl 14.00.

Þeim sem vilja minnst hans er bent á hjúkrunarheimilið  
Skjólgarð.

*Þóra Guðleif Jónsdóttir*  
*Þorbjörg Jónsdóttir*  
*Snorri Jónsson - Torfhildur Ólafsdóttir*  
*Þórarinn Gunnarsson*



**FERMINGARTILBOÐ**

Rúm  
verð frá 89.400kr  
dýnuhlíf fylgir með.  
Verið velcomin

*HúsgagnaVal*

Símar: 478-2535 / 898-3664  
Opíð: virka daga kl. 13:00 - 18:00

**SÚPUFUNDUR**

laugardaginn 23. mars  
kl. 11:00-13:00 í Sjálfstæðishúsinu.

Við tökum vel  
á móti þér!

**D**



**Eystrahorn**

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933  
Útgefandi:..... HLS ehf.  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson  
Netfang: ..... tjorvi@eystrahorn.is  
Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes  
Umbrot: ..... Tjörvi Óskarsson  
Prentun: ..... Litlaprent  
ISSN 1670-4126

**Eystrahorn**

**Vildaráskrift**

Nýir vildaráskrifendur  
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.  
Rnr. 0537-14-409068  
Kt. 500210-2490



**Þakkir**

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug  
við andlát og útför elskulegrar eiginkonu  
minnar, móður okkar, stjúpmodur,  
tengdamóður, ömmu og langömmu  
**Hugrúnar Kristjánsdóttur**  
frá Patreksfirði, til heimilis á  
Hjúkrunarheimilinu Skjólgarði.



Sérstakar þakkir fá sr. María Rut  
Baldursdóttir, starfsfólk og íbúar á Hjúkrunarheimilinu  
Skjólgarði, Höfn í Hornafirði.

*Sigfús Benediktsson*  
*Kristján Rafn Heiðarsson Hildur Helga Gísladóttir*  
*Heimir Örn Heiðarsson Konný Sóley Guðmundsdóttir*  
*Guðbjörg Elín Heiðarsdóttir*  
*Hreggviður Heiðarsson Hildur Eiríksdóttir*  
*Asrún Heiðarsdóttir*  
*Heiðrún Heiðarsdóttir Ilías Karl Moustacas*  
*Halldóra Heiðarsdóttir Halldór Grétarsson*  
*Elín Þórdís Heiðarsdóttir*  
*Ásbór Guðmundsson*  
*Benedikt Helgi Sigfússon*  
*Guðbjörg Sigfúsdóttir*  
*Ásta Margrét Sigfúsdóttir Oddur Elfar Sveinsson*  
barnabörn og barnabarnabörn.



**Andlát**

**Skúli Jónsson** var fæddur á Rauðabergi  
á Mýrum 11. janúar 1926. Hann lést á  
Dvalardeildinni Mjallhvít á Höfn þann 12.  
mars s.l. Foreldrar hans voru hjónin Halldóra  
Guðmundsdóttir, húsmóðir, f. í Hoffelli 1. júní  
1901, d. 4. ágúst 1985 og Jón Jónsson Malmquist  
bóndi, síðast í Akurnesi, f. á Kleifarstekk í  
Breiðdal 12. október 1888, d. 26. mars 1956.  
Skúli var fjórði í röðinni af tólf systkinum en þau  
eru: Hallgerður f. 1920 d. 2001, Björg f. 1922 d.  
2009, Guðmundur f. 1924, Anna f. 1927, Unnur f. 1929, Egill f. 1930 d.  
2008, Þóra Ingibjörg f. 1933, Hanna f. 1937, Pétur Haukur f. 1939 d. 2017,  
Droplaug f. 1943 og Ragnar f. 1946.

Vorið eftir að Skúli fæddist fluttist fjölskyldan að Fornustekku í Nesjum.  
Þar leigðu þau 2/3 af jörðinni í þrjú ár en fóru svo að Hoffelli þar sem þau  
bjuggu næstu tíu árin. Árið 1937 keyptu Jón og Halldóra landspildu úr  
Arnanesi undir nýbyli sem þau gáfu nafnið Akurnes. Þangað fluttu þau  
vorið 1939 og Skúli með þeim ásamt fleiri systkinum sínum.

Skúli fór snemma að hjálpa til við búskapinn eins og tíðkaðist á þeim  
tíma. Krakkar byrjuðu ungir að taka ýmsa snúninga af þeim fullorðnu og  
voru svo falin vandasamarí og erfiðari verk eftir því sem þeim óx fiskur  
um hrygg. Búskapurinn átti hug hans allan frá unga aldri og í Akurnesi  
var búið með sauðfé, kýr og kartöflur. Með tímanum færðist búskapurinn  
yfir á hans herðar þar sem faðir hans var ekki við fulla heilsu eftir miðjan  
aldur. Eftir að faðir hans lést stóð Skúli fyrir búinu ásamt móður sinni  
og þeim systkinum sem ennþá voru heima. Árið 1967 afhenti Halldóra  
þeim bræðrum Skúla og Ragnari jörð og bú og bjuggu þeir eftir það  
félagsbúi til ársins 1993 er Skúli dró sig út úr búrekstrinum. Hann vann  
áfram af krafti við búið á meðan heilsan leyfði. Árið 2011 flutti Skúli á  
Dvalardeildina Mjallhvít og naut þar góðrar umönnunar starfsfólks sem  
hann var þakklátur fyrir sem og fjölskylda hans.

**Útför Skúla fer fram frá Hafnarkirkju, laugardaginn 23.  
mars n.k. og hefst athöfnin kl. 14:00.**

*Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja  
minnst hans er bent á Gjafa- og minningarsjóð Skjólgarðs.*



## Leiksýningin Fílamaðurinn

Leikfélag Hornafjarðar ásamt Lista- og menningarsviði FAS munu frumsýna verkið Fílamaðurinn í Mánagarði föstudaginn 22. mars. Við birtum hér viðtal við Birtu Gunnarsdóttur og Ísar Svan Gautason, leikara í leiksýningunni.

### Hver eru nöfn ykkar og hvaða hlutverki gegnið þið í leiksýningunni?

Birta: Birta Gunnarsdóttir og ég leik Kendal

Ísar: Ísar Svan Gautason heiti ég og ég leik John Merrick eða Fílamanninn.

### Hversvegna ákváðu þið að taka þátt í þessu verki?

Birta: Ég tek alltaf þátt á hverju ári og get ekki sleppt því.

Ísar: Ja, sko ég er í þessu á vegum skólans og fæ einingar fyrir og svo hef ég líka bara áhuga á þessu.

### Getið þið sagt mér frá söguþræði leikritsins?

Ísar: Þetta fjallar um sögu John Merricks og um fólkið í kringum hann.

Birta: Þetta fjallar líka um hans þróun í gegnum síðustu ár ævi hans og áhrif sjaldgæfs sjúkdóms á þá ævi.

### Við hverju mega áhorfendur búast?

Ísar: Drama, skemmtun og gráti

Birta: Hlátri, bara einstakri upplifun.

### Hvað þarf leikhópurinn og/eða leikstjóri að búa yfir til að svona verkefni gangi upp?

Ísar: Traust, einbeiting og fókus.

Birta: Þolinmæði, samvinnu, sköpunargáfu og hugmyndaflæði.

### Getið þið lýst fyrir okkur ferlinu við að setja upp leiksýningu, og hvernig hefur það gengið?

Ísar: Við byrjum á að setjast niður og lesa saman handritið, og síðan fljótlega



Birta og Ísar í hlutverkum sínum í Fílamanninum menningu og sköpunargáfu. Þetta er góð leið til að víkka sjóndeildarhringinn og fara út fyrir þægindarammann.

### Hverjir eru í stjórn leikfélagsins?

Birta: Við Ísar, Helgi Sæmundsson, Ingólfur Baldvinsson og Sigríður Þórunn Þorvarðardóttir.

förum við að vinna uppi á sviði.

Birta: Og við fáum hlutverkin okkar og byrjum að þróa persónurnar.

Ísar: Við erum á hverjum degi frá kl. 18-22 að vinna í allskonar senum, texta og stöðum.

Birta: Þegar nær dregur sýningu bætast við ljós, hljóð og smink. Ferlið er rúmar átta vikur og mikil keyrsla, en hefur gengið bara mjög vel.

Ísar: Sammála því. Þetta er öðruvísi sýning en við erum vön, sem tók meira á, bæði andlega og líkamlega, t.d að koma sér í karakter og átta sig á hver hann er og hvað hann gerir.

### Teljið þið mikilvægt að bæir eins og Höfn hafi starfandi öflugt leikfélag?

Birta: Algjörlega.

Ísar: Já, algjörlega.

Birta: Svona starf ýtir undir félagslíf,



**AÐALFUNDUR** Félags eldri  
Hornfirðinga er haldinn  
sunnudaginn **24. mars kl. 15:00 í Ekru.**



Dagskáin er:

- Skýrsla stjórnar og gjaldkera. Lagabreytingar.
- Kosning stjórnar og varastjórnar.
- Kosning endurskoðenda.
- Árgjald.
- Önnur mál.

Félagar eru hvattir til að mæta vel og eins eru nýir félagar velkomnir. Kaffiveitingar.

STJÓRN FEH.

## Hagyrðingakvöld

Hagyrðingakvöld að Hótel Smyrlabjörgum  
laugardaginn 13. apríl 2019.

Nánar auglýst síðar.

Félag Harmonikuunnenda, Hornafirði.



**AÐALFUNDUR** Kvenfélagsins Vöku  
Þriðjudaginn 26. mars kl. 20:00  
í Mánagarði.

Venjuleg aðalfundarstörf

*Kvenfélagið Vaka*

**Kvískerjasjóður auglýsir  
eftir umsóknum um  
styrki**

KVÍSKERJA  
SJÓÐUR

Kvískerjasjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2019.

Horft verður sérstaklega til umsókna sem tengjast störfum og áhugasviði Kvískerjasystkina.

**Umsóknum skal fylgja:**

- Greinagöð lýsing á verkefninu og markmiðum þess.
- Tímaáætlun, sem gerir grein fyrir framvindu verkefnisins.
- Gera skal grein fyrir helstu samstarfsaðilum.
- Gera skal grein fyrir fjárhagsáætlun verkefnisins, framlagi samstarfsaðila og fjárhæð sem sótt er um.

**Umsóknarfrestur er til 15. apríl** nk. og skal umsóknum skilað á rafrænu formi til ritara sjóðsstjórnar, Þórunnar Elfu Sæmundsdóttur hjá umhverfis- og auðlindaráðuneyti, merktar Kvískerjasjóður, á netfangið: [thorunn.elfa@uar.is](mailto:thorunn.elfa@uar.is)

Tilkynnt verður um styrkveitingar í byrjun maí og verður öllum umsóknum svarað.

Nánari upplýsingar veitir Hafdís Roysdóttir formaður sjóðsstjórnar í síma: 478 1636 eða á netfangi: [hafdisroysdottir@gmail.com](mailto:hafdisroysdottir@gmail.com)

*Kvískerjasjóður var stofnaður af umhverfisráðuneytinu, til heiðurs systkinunum á Kvískerjum í Öræfum, fyrir framlag þeirra til öflunar þekkingar og rannsókna á náttúru og sögu Austur-Skaftafellssýslu. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að og styrkja rannsóknir á náttúrufari og menningarminum í Austur-Skaftafellssýslu með veitingu rannsóknarstyrkja til einstaklinga, félagsamtaka og stofnana.*

**Ferðafélag Austur-Skaftfellinga**  
Hefurðu komið á Suðurfjörur?  
Er ekki langt síðan?  
**Laugardagurinn 23. mars**



Laugardaginn 23. mars stendur Ferðafélagið fyrir fjölskyldu og jeppaferð á suðurfjörur. Ekið verður alveg austur að Hvanney svo hægt er að virða fyrir sér byggðina frá öðru sjónarhorni og njóta útiverunnar vestur á fjörum. Öllum frjálst að koma í ferðina.

Leiðin er samkvæmt nýjustu upplýsingum fær öllum svokölluðum slyddujöppum og um að gera að sameinast í bíla.

Verð 1000kr pr einstakling en hámark 1500kr pr fjölskyldu

Fararstjóri Jón Bragason

Brottför kl 10:00 frá tjaldstæði áætluð lengd ca 3,5-4 tímar

Munið nesti og fatnað eftir veðri.

Upplýsingar Jón Bragason s:848-1958

LISTA- OG MENNINGARSVIÐ FAS OG LEIKFÉLAG HORNAFJARÐAR

KYNNA

**FÍLA-  
MAÐURINN**

LEIKSTJÓRI:

**STEFÁN STURLA**

FRUMSÝNING - 22. MARS KL. 20:00  
ÖNNUR SÝNING - 23. MARS KL. 20:00  
ÞRIÐJA SÝNING - 24. MARS KL. 16:00  
FJÖRÐA SÝNING - 28. MARS KL. 20:00  
FIMMTA SÝNING - 29. MARS KL. 20:00  
SJÖTTA SÝNING - 30. MARS KL. 20:00

MIÐAVERÐ: 2500 KR  
MIÐGAPANANIR Í SÍMA: 8929707 (RAGNHEIÐUR)  
Á MILLI 17:00-20:00 ALLA DAGA

SÝNT Í  
MÁNAGARÐI

Námskeið fyrir byggingamenn

**Byggingargátt**



Þetta námskeið er fyrir iðnmeistarar og byggingastjóra sem þurfa að tengjast rafrænni byggingargátt Mannvirkjastofnunar. Tilgangur þess er að kenna þátttakendum notkun gáttarinnar. Í rafrænu byggingargáttinni verða vistuð öll gögn vegna mannvirkja, allt frá umsókn um byggingarleyfi til lokaúttektar. Þar verða vistaðar umsóknir og útgefin byggingarleyfi, öll gögn sem leyfin byggjast á, hönnunargögn, teikningar og skoðunarskýrslur. Þátttakendur þurfa að taka með sé á námskeiðið rafræn skilríki eða Íslykil og snjalltæki með Android stýrikerfi og uppsettum gmail netfangi.

**Kennari:** Sérfræðingar Mannvirkjastofnunar.  
**Staðsetning:** Nýheimar, Höfn í Hornafirði.  
**Tími:** Föstudagur 29. mars kl. 13.00 – 15.00.  
**Fullt verð:** 6.000 kr.  
**Verð til aðila ÍÐUNNAR:** 2.000 kr.

Nánari upplýsingar og skráning  
á [idan.is](http://idan.is) og í síma 590 6400.

**29. mars**

Mannvirkja  
stofnun

ÍÐAN  
fræðslusetur  
[www.idan.is](http://www.idan.is)

## Aðalfundur NAUST - Náttúruverndarsamtaka Austurlands

Aðalfundur NAUST verður haldinn í Havarí, Berufirði 5. apríl. Húsið opnað kl. 18:30.

Venjuleg aðalfundarstörf ásamt fróðlegum fyrirlestrum

Veitngar í boði

Dagskrá auglýst síðar

## Hugað að vorverkunum

Með sól í hjarta er tímabært að huga að vorverkunum. Forræktun plantna getur vafist fyrir nýliðum en oftast er ekki er fólk að mikla einfalt verk fyrir sér. Forræktun plantna tekur um 1-2 mánuði við góðar aðstæður inni við í um 20°C. Plöntur má svo færa út þegar hætt er að frysta en best er að flytja plöntur út í maí eða júní, og þá hentar að byrja forræktun í mars og apríl. Fjölmargar tegundir af fræjum eru fáanlegar í íslenskum verslunum en einnig má stínga niður fræjum úr eldhúsinu. Matjurtaræktun er indæll fjölskylduskemmtnun, lærdómsferillinn spennandi og uppskeran ljúffeng. Á vefnum [www.umhverfissudurland.is](http://www.umhverfissudurland.is) má finna einföld ráð og fyrstu skref til að hjálpa nýliðum af stað. Hvetjum alla Sunnlendinga til að spreyta sig og deila afrakstrinum #umhverfissudurland



## Kútmagakvöld

Hið árlega og vinsæla kútmagakvöld Lionsmanna verður haldið í Sindrabæ laugardaginn 30. mars nk.

Húsið verður opnað kl. 19:00

Allir karlmenn velkomnir  
*Lionsklúbbur Hornafjarðar*

Veislustjóri :

“Grímseyjarjarlinn” Siggí Bjarna

Miðaverð:  
6500 kr.



## Endurmenntun Lbhi

### Vinnuverndar- og réttinda-námskeið fyrir bændur

Tveggja daga bóklegt námskeið sem veitir réttindi til að taka verklegt vinnuvélaþróf á dráttarvélar, liðléttinga og ýmsar minni gerðir vinnuvéla í réttindaflokki "I" og lyfturum í flokki "J", þar með talið skotbómulyftara.

25.-26. mars á Egilsstöðum

25.-26. mars á Kirkjubæjarklaustri

Skráning á [www.lbhi.is/namskeid](http://www.lbhi.is/namskeid)



[www.lbhi.is/namskeid](http://www.lbhi.is/namskeid) • [endurmenntun@lbhi.is](mailto:endurmenntun@lbhi.is) • 433 5000



FRÆDSLUNETIÐ  
Símenntun á Suðurlandi  
Lærum allt lífið

### Skyndihjálparnámskeið

Fræðslunetið býður upp á 12 klst skyndihjálparnámskeið. Markmið með námskeiðinu er að auka þekkingu og færni þátttakenda í að beita á öruggan hátt einföldum aðferðum í skyndihjálpi og að auka færni í að meta einkenni algengra sjúkdóma og áverka.

Námskeiðið fer fram helgina 30.-31. mars.

Kennt verður frá 9-17 á laugardegi og frá 9-15 á sunnudegi í sal AFLs. Athugið að einungis 6 pláss eru laus.

Kennari er Höskuldur Friðriksson.

Verð 18.000 kr. Innifalið í verði er skírteini.

Við minnum á að athuga rétt til endurgreiðslu frá stéttarfélögum.

Skráning og nánari upplýsingar hjá Sædísí, verkefnastjóra Fræðslunetsins á Höfn: [saedis@fraedslunet.is](mailto:saedis@fraedslunet.is) eða í síma 842-4655.

# VIÐ LEITUM AÐ HRESSU SUMAR- STARFSFÓLKI Á HÖFN

Störfin fela í sér almenna afgreiðslu, þjónustu við viðskiptavini, vörumóttöku, áfyllingar, þrif og annað tilfallandi.

## Hæfniskröfur

- Snyrtimennska og reglusemi
- Jákvæðni, dugnaður, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verslunarstörfum, stjórnun eða rekstri er æskilegi

Umsóknir á [olis.is](https://olis.is)

**Umsóknarfrestur er til 15. apríl.**

Nánari upplýsingar hjá verslunarstjóra á staðnum.

# SUMARSTÖRF Á OLÍS HÖFN



Jafnlaunadéttkt  
PwC  
2020

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsuefingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.



Vinur við veginn